Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í máli þessu.
Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:
Arfleiðsluskrá, undirrituð af Halldóri Pálmasyni 30. maí 1964, er ógild.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 28. marz 1969.

Nr. 207/1968. **Grána h/f**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Jóni Egilssyni
(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. nóvember 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 7.425.00 með 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað skýrslna þeirra Edwards Frederiksens, forstöðumanns Gisti- og veitingastaðaeftirlits ríkisins, Ludvigs Hjálmtýssonar, framkvæmdastjóra Ferðamálaráðs, og Geirs H. Zoëga forstjóra. Af hendi Ferðamálaráðs er það ekki viðurkennt, að stefnda hafi verið gefnar heimildir til að kaupa vöru þá, sem um er fjallað í málinu, fyrir hönd þess.

Þar sem þannig er eigi í ljós leitt, að stefndi hafi haft umboð til að kaupa vöru þessa fyrir Ferðamálaráð, verður

með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1936 að dæma hann til greiðslu andvirðis vörunnar. Verður krafa áfrýjanda því til greina tekin, þó þannig, að ársvextir ákveðast 7%.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Egilsson, greiði áfrýjanda, Gránu h/f, kr. 7.425.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags og kr. 8.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 22. apríl 1968.

Mál þetta, sem var dómtekið 1. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með stefnu, birtri 18. febrúar 1968 af Gránu h/f gegn Jóni Egilssyni forstjóra, Goðabyggð 3, Akureyri, til greiðslu vöruúttektar að upphæð kr. 7.425.00 með 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda vegna óþarfa málshöfðunar.

Stefnandi gerir þá grein fyrir kröfu sinni, að stefndi hafi tekið út segldúk í verzlun hans og látið skrifa hann á nafn Ferðamálaráðs. Stefndi hafi ekki lagt fram umboð sér til handa né önnur skilríki og hljóti hann því að vera ábyrgur fyrir skuldinni, hvað sem orðið hafi af segldúknum. Stefnandi telur ekki fýsilegt að höfða mál á hendur Ferðamálaráði, sem samkvæmt lögum nr. 29/1964, 2. kafla, virðist ekki hafa nokkur fjárráð.

Stefndi kveður Ferðamálaráð hafa farið þess á leit við sig í maí 1966, að hann annaðist uppsetningu snyrtinga við Goðafoss, þar sem von væri á 4 erlendum skemmtiferðaskipum. Stefndi rekur ferðaskrifstofu hér í bæ. Starfsmaður Ferðamálaráðs, Harry Fredriksen, kom framangreindri beiðni til stefnda. Keypti stefndi segldúk þann, sem mál þetta er af risið, og lét skrifa hann hjá

Ferðamálaráði og bað um, að reikningurinn yrði krafinn hjá Ferðamálaráði. Var það ekki gert.

Stefndi mótmælir allri ábyrgð sinni á greiðslu skuldarinnar af þeirri ástæðu, að stefnandi hafi ekki gert hina minnstu tilraun til innheimtu hjá Ferðamálaráði.

Það er ekki vefengt, að stefndi hafi haft umboð til að skuldbinda Ferðamálaráð, og er af gögnum málsins augljóst, að stefndi kvað sig vera að skuldbinda Ferðamálaráð, en ekki sjálfan sig, og mátti stefnanda vera það einnig ljóst.

Stefndi hefur því haft umboð til að skuldbinda Ferðamálaráð, og bar stefnanda því að beina málssókn þessari að nefndu Ferðamálaráði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en dæma ber stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.800.00.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Egilsson, skal vera sýkn af öllum kröfum í máli þessu.

Stefnandi, Grána h/f, greiði stefnda kr. 2.800.00 í málskostnað.

Dómi þessum má fullnægja með aðför að lögum að liðnum 15 dögum frá lögbirtingu hans.

Mánudaginn 14. apríl 1969.

Nr. 171/1968. **Fjöliðjan h/f**
gegn
Bjarna Ingólfssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fjöliðjan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.